

um helgina

Nýjar kirkjuklukkur

A morgun, sunnudaginn 16. september, verða nýjar kirkjuklukkur teknar í notkun í Háteigs-kirkju við messu, er hefst kl. 11 árdegis. Verður þá flutt ávarp ásamt víðeigandi athöfn og söng. Síðan verður klukkunum samhringt.

Kirkjuklukkurnar eru fjórar og voru þær steypar af klukkugerðarmönnum Koninklijke Eijsbout í Asten á Hollandi, sem steipt hafa klukkur fyrir kirkjur víða um heim. Hérlendis eru klukkur Hallgrímskirkju í Reykjavík og Kristskirkju í Landakoti frá þessari klukkugerð.

Keramík í Epal

Í dag kl. 10 árdegis verður opnuð sýning á leirmunum eftir Guðnýju Magnúsdóttur, Sigrúnu Guðjónsdóttur og Gest Þorgrímsson í húsnæði verslunarinnar Epal, Síðumúla 20 í Reykjavík.

Sýningin verður opin frá kl. 10 til 18 alla virka daga nema þriðjudaga og föstudaga frá 10-22 næstu þrjár vikur.

Epal verslar með sérhannaðan húsbúnað af margvíslegu tagi, og er sýningin haldin í tilefni þess að tvö ár eru nú liðin frá því að verslunin tók til starfa. Ætlunin er að listsýningar af ýmsu tagi verði í framtíðinni fastur liður í starfsemi Epal.

— ih.



Íslensk grafík tíu ára:

Þau voru að hengja upp myndir sínar í Norræna húsinu þegar Leif ljósmyndara bar það ar. Fremri röð frá vinstri: Ragnheiður, Edda og Sigrid. Aftari röð f.v.: Valgerður, Jónína, Ingunn, Richard og Þórbjörn.

Afmælissýning í Norræna húsinu

Í dag opnar félagið Íslensk grafík afmælissýningu í Norræna húsinu, en félagið er tíu ára um þessar mundir. Samskonar sýning hefur verið sett upp í Norræna myndlistasetrinu í Sveaborg, skammt fyrir utan Helsinki í Finnlandi. Norræna félagið hefur verið Íslenskri grafík innan handar við dreifingu sýningarinnar á Norðurlöndum, og er ætlunin að setja hana upp í 12 borgum á öllum Norðurlöndum. Hringferðinni lýkur í Danmörku í lok ársins 1980.

A sýningunni eru 112 grafíkmyndir eftir 17 listamenn. Þeir eru: Björg Þorsteinsdóttir, Edda Jónsdóttir, Ingiberg Magnússon, Ingunn Eydal, Jenný E. Guðmundsdóttir, Jóhanna Bogadóttir, Jónína Lára Einarisdóttir, Jón Reykdal, Kjartan Guðjónsson, Lisa K. Guðjónsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Richard Valtingoer, Sigrid Valtingoer, Sigrún Eldjárn, Valgerður Bergsdóttir, Vignir Jóhannsson og Þórbjörn Hall.

Gefin hefur verið út vegleg sýningarskrá á þremur Norðurlandamálum, og mun hún fylgja Framhald á 14. síðu



Noðkrir úr sýninganefnd FÍM stilltu sér upp fyrir Leif ljósmyndara. Talið f.v.: Gunnar Örn Gunnarsson, Jónína Guðnadóttir, Örn Þorsteinsson, Gunnlaugur Stefán Gíslason, Hringur Jóhannesson, Guðbergur Auðunsson og Magnús Kjartansson.

Haustsýning FÍM að Kjarvalsstöðum

Haustsýning FÍM 1979 verður opnuð að Kjarvalsstöðum í dag. Þar eru sýnd 133 myndverk eftir 45 höfundum, þaraf eru 81 verk eftir 26 félaga í FÍM, en 18 menn utan félags sýna 54 verk.

Örn Þorsteinsson, formaður sýningarnefndar, sagði að nefndinni hefðu borist 258 verk eftir 54 höfundum. Samkvæmt reglum eiga félagsmenn sem senda verk á sýninguna rétt á því að a.m.k. eitt þeirra sé sett upp, en utanfélagsmenn eru alveg upp á náð nefndarinnar komnir.

— Við erum ekki alveg nógu ánægð með þátttöku félagsmanna, — sagði Örn, — og okkur

finnst sýningin ekki gefa alveg nógu góða heildarmynd af því sem er að gerast í myndlistinni hér. T.d. söknum við konseptlistar innar svonefndu. Að öðru leyti erum við vissulega ánægð með sýninguna.

— Annars hefur komið til tals að breyta því formi sem verið hefur á þessum haustsýningum frá upphafi. Þetta form hefur lítið breyst í 20-30 ár. Upphaflega markmiðið var annarsvegar að gefa glögga mynd af því sem félagar voru að vinna að hverju sinni og hinsvegar að gefa utanfélagsmönnum kost á að vera með. Nú finnst okkur í sýningar-

nefndinni tími til kominn að breyta þessu formi, en hvernig það verður er ekki tímabært að tala um ennþá, málið er á umræðustigi.

— Er annars eitthvað nýtt að fréttu af FÍM?


— Já, nú erum við að koma á fót styrktarmannakerfi. Við höfum aldrei reynt þetta áður, en fjárhagur félagsins er í þannig ástandi núna að okkur finnst vert að reyna þetta. Ahugamönnum um myndlist er semsé búið að gerast styrktarfélagar FÍM og munu nöfn þeirra verða birt í sýningarskrá haustsýningar fram-

Framhald á 14. síðu

Sveppir og háskóla-pólitik

A morgun og á miðvikudag heldur Morten Lange (1919), fyrrverandi rektor Hafnarháskóla, fyrirlestra í Norræna húsinu. Hann er fæddur í Odense og tók þar stúdentspróf, árið 1945 varð hann cand. mag. og 1952 dr. phil. frá Hafnarháskóla. Hann varð prófessor í grasafræði við sama skóla 1958 og síðar rektor fram til 1979, mikill eldhugi í starfi. Morten Lange er mikils virtur og vel þekktur sveppafræðingur og hefur gefið út fjölda rita á því sviði, bæði vísindaleg og fyrir almennig. Auk starfa síns við háskólann hefur hann tekið virkan þátt í dönsku stjórnmalalífi. Hann stóð að stofnun Socialistisk Folkeparti, og sat í miðstjórn og framkvæmdastjórn þess flokks í mörg ár. Varð þingmaður 1960, en lét af stjórnmalafskiptum er hann varð rektor háskólans.

A fyrirlestrunum í Norræna húsinu mun Morten Lange fjalla um tvö gjörólik efni, sem hann er fróðari um en flestir. Sunnudaginn 16. september kl. 16:00 talar hann um sveppi, en miðvikudaginn 19. sept. kl. 20:30 um háskóla-pólitik vorra tíma.



Steinunn Þórarinsdóttir.

Sýningu Steinunnar að ljúka

A sunnudag lýkur sýningu Steinunnar Þórarinsdóttur í Galleri Suðurgötu 7. Sýningin verður opin frá kl. 2-10 alla helgina.

epal hf.

Síðumúla 20 — 105 Reykjavík — sími 91-36677

Sýning

á munum eftir listamennina Guðnýju Magnúsdóttur, Sigrúnu Guðjónsdóttur og Gest Þorgrímsson.

Sýning á leirmunum eftir þessa listamenn verður opnuð kl. 10 laugardaginn 15. sept. í húsnæði verslunarinnar Epal, Síðumúla 20, Reykjavík. Sýningin verður opin frá kl. 10-18 alla virka daga nema þriðjudaga og föstudaga frá kl. 10-22 næstu þrjár vikur.

Auglýsið í Þjóðviljanum